

## Fundargerð 68. fundur Hafnarstjórnar

Hafnarstjórn hélt fund miðvikudaginn 27. febrúar 2013 kl. 20 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Mættir: Alex Páll Ólafsson, Valentínus Guðnason, Guðmundur K. Björnsson, Páll Guðmundsson, Hafdís Björgvinsdóttir, Hrannar Pétursson og Gyða Steinsdóttir.

Dagskrá:

1. Stöðuleyfi skyndibitabíll
2. Stöðuleyfi gámaskúr við Stykkisbryggju
3. Umsókn um skilti
4. Gámar á Stykkisbryggju
5. Deiliskipulag hafnarsvæðis
6. Önnur mál

### 1. Stöðuleyfi, skyndibitabíll.

Hildur Vésteinsdóttir sækir um f.h. Izeteam ehf. um stöðuleyfi á skyndibitabíl á hafnarsvæði, sbr. bréf dags. 21.01.2013. Erindi var vísað af bæjarstjórn til umsagnar hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn telur að eina staðsetningin sem komi til greina á hafnarsvæðinu fyrir ofangreinda starfsemi sé á bílastæði fyrir neðan Tanga að vestanverðu.

### 2. Stöðuleyfi, gámaskúr við Stykkisbryggju.

Porgeir Kristófersson sækir f.h. Iceland Ocean Tour ehf. um stöðuleyfi á gámaskúr við Stykkisbryggju frá 1. apríl til 1. nóvember 2013, sbr. erindi móttakið dags. 21.01.2013.

Erindi var vísað af bæjarstjórn til umsagnar hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn leggur til að stöðuleyfi verði veitt fyrir gámaskúr á Stykkisbryggju með því skilyrði að staðið verði við loforð sem gefið var um útlit gámaskúrs við síðustu umsókn.

### 3. Ocean safari/Sjávarpakkhús, umsókn um skilti.

Magnús Örn Tómasson sækir um f.h. Ocean safari og Sjávarpakkhúsins að setja upp auglýsingaskilti við brúna út í Stykki. Erindi var vísað af bæjarstjórn til umsagnar hafnarstjórnar.

Alex Páll leggur til að Ocean safari/Sjávarpakkhúsi verði veitt leyfi til uppsetningar á skilti tímabundið við brúna út í Stykki þar til deiliskipulagsvinnu á hafnarsvæði hefur verið lokið.

Samþykkt með 3 atkvæðum Alex, Hafdísar og Páls gegn 2 atkvæðum Valentínusar og Guðmundar Kolbeins.

### 4. Gámar á Stykkisbryggju.

Umræða var um gáma á Stykkisbryggju og á hafnarsvæði í heild. Alex kom með tillögu um að skoðað væri hvort hægt væri að byggja lítil hús sem væru leigð út fyrir aðila sem þyrftu að vera með húsnaði undir starfsemi í höfninni, svo sem fyrir siglingaklúbb, ferðapjónustuaðila

og veitingasölu. Einnig var rætt um hafnarskúra á Stykkisbryggju sem huga þarf að endurbótum að. Þar væri mögulegt að bjóða aðilum aðstöðu, eins og til dæmis fyrir siglingaklúbb Snæfells.

#### 5. Deiliskipulag hafnarsvæðis.

Rætt var um skýrslu um framtíðarsýn Stykkishólshafnar og skoðaðar voru tillögur um deiliskipulag. Haldið verður áfram að fjalla um deiliskipulagið á næsta fundi.

#### 6. Önnur mál

Hrannar lagði til að smíðaður yrði pallur uppá hleðslu með góðu aðgengi á leið útá Súgandisey. Ferðamenn gætu þá farið uppá pallinn til að taka myndir og njóta útsýnis yfir fjörðinn en Gunnlaugur Lárusson bar þessa tillögu upp við Hrannar. Hafnarstjórn leggur til að tillagan verði samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 21:50.

Alex P. Ólafsson  
Guðmundur K. Björnsson  
Hafdís Björgvinsdóttir  
Gyða Steinsdóttir

Valentínus Guðnason  
Páll Guðmundsson  
Hrannar Pétursson